REYKJAVÍKURBORG

Breyting á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis
Tímabundin skiptistöð Strætó



Hluti gildandi deiliskipulags Skúlagötusvæðis, staðfest 13. maí 1986 mkv.: 1:1.000



Deiliskipulagsbreyting – skiptistöð fyrir Strætó og starfsmannaaðstaða á móts við gatnamót Skúlagötu nr. 10 og Klapparstíg nr. 1- 3. mkv.: 1:1.000

Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Ekki í kvarða

GREINARGERÐ

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda umhverfis Hlemm þarf að koma fyrir tímabundinni skiptistöð fyrir Strætó og starfsmannaaðstöðu fyrir starfsmenn Strætó við Skúlagötu. Tímabundin skiptistöð verður staðsett á móts við Skúlagötu 10 og Klapparstíg 1-3.
Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er breytingarsvæðið innan miðvæðis M1b – blönduð miðborgarbyggð.
Deiliskipulagsbreyting samræmist stefnu aðalskipulags. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi Skúlagötusvæðis er á breytingarsvæðinu gert ráð fyrir svæði fyrir bílastæði ásamt hljóðtálma meðfram Sæbraut en austan við bílastæðin er afmarkaðir tveir byggingarreitir fyrir þjónustu. Ekki hefur verið byggt á byggingareitunum. Á breytingarsvæðinu eru bílastæði og grasi vaxin hljóðmön meðfram Sæbraut.

Breyting á deiliskipulagi - tímabundin skiptistöð Strætó

Í tillögu að breytingu eru byggingarreitir fyrir þjónustu felldir út. Afmarkað er svæði fyrir skiptistöð Strætó þar sem komið verður fyrir biðstöðvum ásamt strætóskýlum. Afmarkaður er byggingareitur fyrir aðstöðuhús starfsmanna Strætó. Aðstöðuhúsið verður gámahús á einni hæð, allt að 3 m á hæð og allt að 30 m² að gólffleti.

Frágangur

Vanda skal yfirborðsfrágang svæðis skiptistöðvar - gangstétta, strætóbiðstöðva og gróðurs umhverfis skiptistöð og á hljóðmön við Sæbraut. Æskilegt er að gegndræpt yfirborð verði nýtt þar sem hægt er á reitnum.

Kvöð um lagnaleiðir

Meðfram svæðinu norðanmegin og sunnamegin er kvöð um veitulagnir fyrir heitt og kalt vatn, fráveitu, rafmagn og gagnaveitu.
Hafa skal samráð við Veitur á hönnunarstigi varðandi upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Menningarminjar

Á deiliskipulagssvæðinu er að finna minjar um útgerð frá 19. öld og 20. öld. Minjarnar á svæðinu eru friðaðar (80/2012).
Leita skal til Minjastofnunar Íslands með framkvæmdir á svæðinu. Framkvæmdaaðili skal fá fornleifafræðing til þess að hafa framkvæmdaeftirlit með þeim framkvæmdum sem hafa jarðrask í för með sér.
Á þetta einnig við jarðvegsframkvæmdir utan við skipulagsmörk. Ef komið er niður á minjar af því tagi að fornleifafræðingur telur ástæðu til þess að stöðva framkvæmd, ber að hafa samband við Minjastofnun varðandi framhald verksins.

Að öðru leyti gilda skilmálar samþykkts deiliskipulags.

Umhverfisáhrif

Jákvæð áhrif

Áætlunin er mikilvægur liður í að byggja upp hágæða almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu og hefur þar með jákvæð áhrif á ferðamátaval og mynstur. Áætlunin eykur og tryggir aðgengi fólks að almenningssamgöngum meðan uppbyggingu Borgarlínu stendur yfir.

Neikvæð áhrif

Gera má ráð fyrir tímabundnu ónæði meðan á uppbyggingu stendur. Umferðarmagn og hávaði á Skúlagötu eykst samhliða akstri Strætó, en þó ekki umfram það sem eðlilegt getur talist í þéttbýli.

Uppdrætti var breytt þann 11. janúar 2024 og 15. mars 2024 eftir auglýsingu. Bætt var inn skýrari skilmálum um framkvæmdaeftirlit fornleifafræðings vegna skráðra minja og samráð við Veitur um hönnun og tímasetningu framkvæmda ásamt umhverfisáhrifum.



Skýringarmynd, núverandi ástand mkv.: 1:1.000



Skýringarmynd, möguleg útfærsla mkv.: 1:1.000

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Starfsmannaaðstaða
- Strætóskýli
- Skráðar fornleifar
- Hellur
- Gangstétt
- Nýbyggingar
- Endurbyggingarréttur
- Óbreytt
- Óbreytt, með fyrirvara um byggingarframkvæmdir við Þjóðleikhús
- Götur
- Gangstígar
- Sjór
- Opin svæði
- Grenndarvöllur, hugsanleg staðsetning dagvistar- og skólalóða

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði
þann 17. janúar 2024 og í borgarráði
þann 25. janúar 2024
Tillagan var auglýst frá 2. nóvember 2023
með athugasemdafresti til 14. desember 2023
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 21. mars 2024

Breyting	Dags.	Tilefni	Skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF

Skipulagsgögn: Fylgir uppdrætti aðskilin greinargerð.
Kortagrunnar: Heimild fyrir þeim grunnum og gögnum sem notuð eru fyrir uppdráttinn.
Hnitakerfi: [ISN93]. Kvarði: 1:1.000 [A1].

Teikning: 22593_DSK_T_U_03 Dags.: 28.09.2023
Skipulag: VV Yfirf.: HTT

UNNIÐ FYRIR:
REYKJAVÍKURBORG